

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

38. fundur.

að Hlíðavegi 6, 13. 5. 2004, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

- | | |
|----|--|
| 1. | Fundarsetning. |
| 2. | Atvinnu- og húsnæðismál í Skútustaðahreppi. Könnun gerð af Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri. |
| 3. | Fundargerð skólanefndar frá 27. apríl. Skólastjóri mætir til fundarins. |
| 4. | Bréf Félagsmálaráðuneytis og Jafnréttisstofu um jafnréttisáætlanir. |
| 5. | Girðingamál. |
| 6. | Erindi Margrétar Bóasdóttur vegna sumartónleika og kórastefnu. (afgreiðslu var frestað á síðasta fundi). |
| 7. | Erindi til þingmanna kjördæmisins. |

Til kynningar:

- | | |
|----|-------------------------------|
| a) | Bréf Íslenskra fasteigna ehf. |
|----|-------------------------------|

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Yngvi Ragnar Kristjánsson, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að 6. og 7. mál yrðu tekin á dagskrá.

2. Atvinnu- og húsnæðismál í Skútustaðahreppi. Könnun gerð af Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri.

Farið var yfir og rætt um könnun sem RHA gerði fyrir Skútustaðahrepp um atvinnu- og húsnæðismál. Samhliða þessari könnun hefur Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga unnið að frekari könnun um atvinnumál með tilstyrk Byggðastofnunar. Þær niðurstöður liggja ekki fyrir enn sem komið er.

3. **Fundargerð skólanefndar frá 27. apríl. Skólastjóri mætir til fundarins.**
Skólastjóri fór yfir óskir varðandi fjölda kennslustunda næsta skólaár, fyrirkomulag skólaaksturs o.fl. sem varðar skólastarf á næsta ári. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
4. **Bréf Félagsmálaráðuneytis og Jafnréttisstofu um jafnréttisáætlanir.**
Rætt var um bréfið. Ákveðið að senda bréfið til umfjöllunar í jafnréttisnefnd.
5. **Girðingamál.**
Rætt var um viðhald varnargirðingar á mörkum Skútustaðahrepps, Aðaldalahrepps og Kelduhverfis. Sveitarstjóra falið að ræða við Aðaldælinga og Keldhverfinga um málið.
6. **Erindi Margrétar Bóasdóttur vegna sumartónleika og kórastefnu. (afgreiðslu var frestað á síðasta fundi).**
Samþykkt að verða við að lána íþróttahús og skóla til tónleikahalds. Ennfremur verður um vinnuframlag að ræða utan hefðbundins starfstíma hjá starfsmönnum íþróttahúss og skóla. Þá er sveitarstjóra falið að ræða við Kiwanis-menn um að þeir annist flutning og uppröðun stóla vegna tónleikanna 13. júní.
Samþykkt að styrkja sumartónleika um kr. 150.000-
7. **Erindi til þingmanna kjördæmisins.**
Hinn 28. apríl s.l. átti sveitarstjórn fund með þingmönnum kjördæmisins vegna þess ástands sem við blasir í atvinnumálum í Mývatnssveit. Á fundinum lagði sveitarstjórn fram ýmsar hugmyndir sem verða mættu til að draga úr þeim skelli sem við blasir. Vissulega er þó erfitt að átta sig nákvæmlega á stöðu mála fyrr en endanleg ákvörðun liggur fyrir um hvort kísluftverksmiðja muni rísa.
Á fundinum var lögð rík áhersla á að einhver svör lægju fyrir innan hálfes mánaðar varðandi tvö þeirra mála sem lögð voru fyrir þingmenn lok þ.e. um hugsanleg kaup/leigu á húsnæði vegna rekstrar Gestastofu sem og varðandi heilsársar starf landvarðar í Mývatnssveit. Sérstök áhersla var lögð á þessi mál þar sem sveitarstjórn þarf að svara eiganda hússins um hvort áhugi sé fyrir kaupunum þannig að eigandinn geti tekið ákvaraðir um framhald sinna mála. Samkv. samtali við 1. þingmann kjördæmisins í dag er svara að vænta allra næstu daga.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Guðrún María Valgeirsdóttir,
Jón Óskar Ferdinandsson,
Kristján Stefánsson,
Yngvi Ragnar Kristjánsson,
Böðvar Pétusson.